




Reykjavík, 07. nóvember 2024  
USK24080163

## Stekkjarkakki 2– Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. september 2024 var lögð fram fyrirspurn Jóns Hrafns Hlööverssonar, dags. 15. ágúst 2024, ásamt greinargerð, dags. 14. ágúst 2024, um uppbyggingu vetnisstöðvar á lóð nr. 2 við Stekkjarkakka.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Deiliskipulag

Loftmynd

### Skipulag í gildi

**Aðalskipulag:** Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin M12 Mjódd – Miðsvæði. Þar segir

*„Fjölbreytt verslun, m.a. sérvörverslun og þjónusta og starfsemi sem þjónar heilum borgarhluta. Verslun og þjónusta, skrifstofur, stofnanir, afþreying og íbúðir, einkum á efri hæðum bygginga. Matvöruverslanir heimilar. Veitingastaðir í flokki I og II eru heimilir og veitingastaðir í flokki III geta verið heimilir, þó með takmörkuðum opnunartíma til kl. 1 um helgar og 23 á virkum dögum.“*

**Deiliskipulag/ Hverfisskipulag:** Svæðið er hluti af þróunarsvæði 6.1.4 í Hverfisskipulagi Neðra Breiðhólt. Í gildi er deiliskipulag fyrir Norður Mjódd samþykkt 13.apríl 1999 með síðari breytingum.

### Fyrirspurn

Lóðin Stekkjarkakki 2 er iðnaðar og þjónustulóð. Um árbil hefur verið starfrækt á lóðinni lúgusjoppa, bensínafgreiðsla og handvirk bílaþvottstöð. Vilji er til þess hjá lóðarhöfum að breyta starfseminni á lóðinni þannig að einnig megi koma fyrir vetnis áfyllingarstöð á lóðinni. En slík starfsemi krefst rýmis innan lóðar. Og það sem háir slíkum áformum er takmarkaður byggingarreitur lóðarinnar. Takmörkunin kemur til af því að tvær stórar frárennslisæðar liggja þvert yfir eystri hluta lóðarinnar.


Það er skemmst frá því að segja að Veitur hafa tekið jákvætt í þessar hugmyndir. Í viðbrögðum þeirra á fundi 8. júlí s.l. kom það m.a. fram að hægt væri að koma mannvirkjum fyrir, utan lagnakvaðar. Í því sambandi er vilji hjá framkvæmdaraðila að opna á aðra staðsetningu í ljósi þess hve létt mannvirki er um að ræða.



Mat á væntanlegum þörfum fráveitukerfisins var gert af Veitum til að áætla hvenær Veitur gætu þurft að komast að lögnum sem liggja í gegnum lóðina. Matið sýndi að skólplögnin er nógu stór fyrir núverandi rennsli og væntanleg framtíðarrennsli en að regnvatnslögnin er of lítil.

Veitur ætla að forðast að grafa upp lagnir og auka þess í stað afkastagetu regnvatnskerfisins með því að innleiða blágrænar ofanvatnslausnir með komandi uppbyggingu Norður Mjóddar og Borgarlínu. Þessar væntanlegu uppbyggingarverkefni eru enn mjög snemma á skipulagsstigi og mikil óvissa ríkir um framtíðarskipulag svæðisins þannig að Veitur hafa ekki áhuga á að færa lagnir af lóðinni að svo stöddu.

Fyrirhuguð áform munu ekki hafa áhrif á bílastæðabókhald þeirra mannvirkja sem fyrir eru á lóðinni.



## Umsögn

Óskað er eftir álitni skipulagsfulltrúa á að koma fyrir vetnisáfyllingarstöð á núverandi bílastæði við Stekkjarbakka 2.

Eins og tekið er fram í fyrirspurn er svæðið í miklum skipulagbreytingu það er verið að þróa blandaða byggð og koma fyrir borgarlínu. Framtíðar íbúðarbyggð mun vera staðsett í nálægð við fyrirhugaða Vetnisstöð eða um það bil í 25 metra fjarlægð. Vegna óvissu um áhrif vetnisáfyllingarstöðvar nálægt fyrirhugaðri íbúðarbyggð var óskað eftir umsögn frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

Einnig þarf að skoða hvort að fyrirhuguð starfsemi á lóðinni sé skv.

bensínstöðvarsamningnum sem gerður var við Dæluna, þar er gert ráð fyrir óbreyttri starfsemi.



### Umsögn Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

HER hefur kynnt sér erlendar rannsóknir og gögn varðandi vetnisáfyllingarstöðvar og samkvæmt þeim gögnum þarf að gera heildstætt áhættumat áður en staðsetning vetnisáfyllingarstöðvar er ákveðin. Slíkt mat þarf að liggja fyrir áður en staðsetning er fastsett í skipulagi. Vetni er mjög eldfimt gas og getur verið hættulegt heilsu manna í háum styrk. Þar sem gasið er mjög hvarfgjarnt er þó ekki líklegt að það valdi heilsufarsáhrifum við leka í áfyllingarbúnaði undir beru lofti. Helstu áhættuþættir eru sprengihætta og eldhætta, aðallega tengd lekum, tæringu og þrýstingsvandamálum í tönkum.

Þegar ákvarða á hæfilega öryggisfjarlægð vetnisáfyllingarstöðva frá íbúðarbyggð þarf að horfa til niðurstöðu áhættumatsins en í þeim gögnum sem HER hefur kynnt sér er lágmarksfjarlægð fyrir íbúðarbyggð af þeirri hæð og þéttleika sem fyrirhuguð eru í Norður-Mjódd á bilinu 35-50 m. Hafa ber í huga að ef stærri atburðir verða, s.s. sprenging í tankbíl, getur áhrifasvæði verið mun stærra þó tíðni slíkra atburða sé lág. Gerð þeirrar byggðar sem er í nágrenni stöðvanna skiptir miklu máli, s.s. hver þéttleiki hennar er og hversu há húsin eru.

Niðurstaða HER er í ljósi ofangreinds að ótímabært sé að ákvarða staðsetningu fyrir vetnisáfyllingarstöð í skipulagi þar sem gera þarf heildstætt áhættumat sem byggir á stærð og gerð fyrirhugaðrar stöðvar, gerð byggðar í nágrenni og nálægð við aðra innviði. Miðað við þau gögn sem HER hefur rýnt er æskilegt að staðsetja slíka stöð fjær íbúðarbyggð og í það minnsta í meiri fjarlægð en 25 m.

### **Niðurstaða**

Neikvætt er tekið í erindið.

### **f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Hrönn Valdimarsdóttir

verkefnastjóri



**Reykjavík**